VEITINGASTADIR

A. Hansen Vesturgötu 4, Hf., s. 565 1693. Opið 11.30–22.30 alla daga.
Amigos Tryggvagötu 8, s. 551 1333. Op. 17.30–22.30 v.d. og sd., 17.30–23.30 fd. og ld.
Argentína Barónsstíg 11a, s. 551 9555. Opið 18–23.30 v.d., 18–3 um helgar.
Asía Laugavegi 10, s. 562 6210. Opið 11.30– 22.30 v.d., 12–22.30 sd., 11.30–23.30 fd. og ld.
Askur Suðurlandsbr. 4, s. 553 8550. Op. 11–22 sd.–fid., 11–23.30 fd. og ld.
Austur Indía fjelagið Hverfisgötu 56, s. 552 1630. Opið a.d. frá kl. 18.
Á næstu grösum Laugavegi 20, s. 552 8410. Opið 11.30–14 og 18–22 v.d., 18–22 sd. og lokað ld.
Banthai Laugavegi 130, s. 552 2444. Op. 18–22 md.– fid. og 18–23 fód.–sd.
Café Ópera Lækjargötu 2, s. 552 9499/562 4045. Opið 18–1 fd. og ld., 11.30–1 v.d.
Carpe Diem Rauðarárstíg 18, s. 562 3350. *Opið 11–23 alla daga.*
Caruso Þingholtsstræti 1, s. 562 7335. Opið sd.–fid. 11.30–23.30. Fd. og ld. 12.–2.
Grænn kostur Skólavörðustíg 8b, s. 552 2028. Opið md.–ld. frá 11.30–21 og sd. frá 16–21.
Hard Rock Café Kringlunni, s. 568 9888. Opið 11.45–23.30 md.–ld., 12–23.30 sd.
Hornið Hafnarstræti 15, s. 551 3340. Opið 11–23.30 alla daga.
Hótel Borg Pósthússtræti 11, s. 551 1440. Opið 8–23.30 alla daga.
Hótel Esja Suðurlandsbraut 2, s. 568 9509. Opið 11–22 alla daga.
Hótel Holt Bergstaðastræti 37, s. 552 5700. Opið 12–14.30 og 19–22.30 v.d., 12–14.30 og 18–22 fd. og ld.
Hótel Loftleiðir Reykjavíkurflugvelli, s. 552 2322. Opið í Lóninu 5–23, í Blómasal 18.30–22.
Hótel Óðinsvé v/Óðinstorg, s. 552 5224. Opið 12–15 og 18–23 v.d., 12–15 og 18–23.30 fd. og ld.
Hótel Saga Grillið, s. 552 5033, Súlnasalur, s. 552 0221. Skrúður, s. 552 9900. Grillið opið 19–22.30 a.d., Súlnasalur 19–3 ld., Skrúður 12–14 og 18–22 a.d..
Humarhúsið Amtmannsstíg 1, s. 561 3303. Opið 10–23.30 v.d., 10–1 ld. og sd.
Indókína Laugavegi 19, s. 552 2399. Opið 11.30–22.30 alla daga, ld. frá 11.30–23.30.
Ítalía Laugavegi 11, s. 552 4630. Opið 11.30– 23.30 alla daga.
Jónatan Livingston Mávur Tryggvagötu 4–6, s. 551 5520. Opið 17.30–23 v.d., 17.30–23.30 fd. og ld.
Kínahofið Nýbýlavegi 20, s. 554 5022. Opið 17–21.45 v.d., 17–22.45 fd., ld. og sd.
Kína-húsið Lækjargötu 8, s. 551 1014. Opið 11.30–14 og 17.30–22 v.d., 17.30–23 fd., 15–23 ld., 17–22 sd.
Kínamúrinn Laugavegi 126, s. 562 2258. Opið fd., ld., 11.30–23.30, sd.–fid. 11.30–22.30.
Kofi Tómasar frænda Laugavegi 2, s. 551 1855. Opið 10–01 sd.–fid. og 11–03 fd. og ld.
Kringlukráin Kringlunni 4, s. 568 0878. Opið 12–1 v.d., 12–3 fd. og ld.
Lauga-ás Laugarásvegi 1, s. 553 1620. Opið 11–22 og 11–21 um helgar.
Lækjarbrekka Bankastræti 2, s. 551 4430. Opið md.–mið. 11–23.30, fid.–sd. 11–0.30.
Madonna Rauðarárstíg 27–29, s. 562 1988. Opið 11.30–23.30 a.d.
Marhaba Rauðrárstíg 37, s. 562 6766. Opið a.d. nema md. 17.30–23.30.
Naustið Vesturgötu 6–8, s. 551 7759. Opið 12–14 og 18–01 v.d., 12–14 og 18–03 fd. og ld.
Ópera Lækjargötu 2, s. 552 9499. Op. 18–23.30 v.d., 18–24.30 fd. og ld.
Pasta Basta Klapparstíg 38, s. 561 3131. Opið virka daga frá 11.30 til 1.00 og um helgar til 3.00.
Perlan Öskjuhlíð, s. 562 0200. Opið 18–23.30 v.d., 18–24.30 fd. og ld.
Potturinn og pannan Brautarholti 22, s. 551 1690. Opið a.d. 11.30–22.
Primavera Austurstræti, s. 588 8555. Op. 12–14.30, 18–22 v.d., 18–23 fd., 18–23.30 ld., 18–22 sd.
Salatbarinn hjá Eika Fákafeni 9, s. 588 0222. Opið alla daga frá kl. 11.30–20.30. nema ld. frá 11.30–16. Lokað á sd.
Samurai Ingólfsstræti 1a, s. 551 7776. Opið v.d. 18–22, fd., ld., 18–23.
Singapore Reykjavíkurvegi 68, s. 555 4999. Opið 18–22 þd.–fid., 18–23 fd.–sd.
Sjanghæ Laugavegi 28, s. 551 6513. Opið 11.30–23.30 v.d., 12–22.30 sd.
Sjö rósir Sigtúni 38, s. 588 3550. Opið 7–23.30 alla daga.
Skólabrú Skólabrú 1, s. 562 4455. Opið frá kl. 18 alla daga og í hd.
Steikhús Harðar Laugavegi 34, s. 551 3088. Opið 11.30–21 v.d. og sd., 11.30–23.30 fd. og ld.
Tilveran Linnetsstíg 1, s. 565 5250. Opið 11–23 alla daga.
Við Tjörnina Templarasundi 3, s. 551 8666. Opið 12–14 og 18–22.30 md.–fd., 18–23 ld. og sd.
Viðeyjarstofa Viðey, s. 568 1045 og 562 1934. Opið fid.– sud., kaffist. kl. 14–17. Veitingasalur kl. 18–23.30.
Vitabar Bergþórugötu 21, s. 551 7200. Opið 15–23.30 v.d., 12–02 a.d.
Þrír Frakkar hjá Úlfari Baldursgötu 14, s. 552 3939. Opið 11–14.30 og 18–23.30 ld. og sd.

Kjarvalsstaðir:

Þekktir listamenn í heimsókn

– Barbara Westman og Jacques Monory opna sýningar

„Hún hefur teiknað fjölmargar götulífsmyndir frá Boston og átt ríkan þátt í að skapa þá ímynd sem Boston hefur. Þetta er mjög þekktur bandarískur teiknari," segir Anna Margrét Bjarnadóttir hjá Kjarvalsstöðum um listakonuna Barböru Westman. Á morgun verður formlega opnuð sýning á Kjarvalsstöðum á verkum Barböru en hún dvaldi hér á landi á síðastliðnu ári og festi á blað upplifun sína af landinu. Annar þekktur listamaður, Jacques Monory, er einnig staddur hér á landi og verður opnuð sýning á verkum hans á sama stað á morgun. Monory er einn helsti frumkvöðull evrópsku popptónlistarinnar.

Leiðin til Reykjavíkur

Þegar Barbara Westman kom hingað á síðasta ári varð hún fyrir sérkennilegri reynslu. Á leiðinni frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur fékk hún hugljómun og bílferðin hafði mikil áhrif á hana. Eins og við Íslendingar vitum getur hraunið á leiðinni tekið á sig ýmsar myndir og vakið margar spurningar. Þessu kynntist Barbara af eigin raun.

„Mér fannst Ísland vera töfrastaður *og það sem ég sá var magnað. Ég hef um* ævina ferðast um fjölmörg lönd og teiknað í öllum þeim ferðalögum en þessi bílferð frá Keflavík klukkan hálfsjö um morgun hafði djúp áhrif á mig. Regnið hellist yfir okkur og allt umkring en bílstjórinn, sem var um áttrætt, lét sér hvergi bregða og ók rólegur áleiðis til Reykjavíkur. Þetta var eins og að vera um borð í skipi," segir Barbara um þessa fyrstu upplifun sína af landinu.

Verkin sem verða á sýningunni hefur hún málað af landinu í vatnslitum af fingrum fram, hraunið, sjóinn og veðrið.

Leynilögreglureyfarar í verkunum

Sjöundi áratugurinn var mikill umbrotatími á Vesturlöndum. Kalda stríðið var í algleymingi, Víetnamstríðið, róttækir námsmenn gerðu uppreisn víðs vegar um Evrópu og fjölmargir listamenn höfnuðu hinni svokölluðu „borgaralegu listsköpun". Þessar væringar birtust samtímis beggja vegna Atlantshafsins, m.a. í formi nýlistar á borð við fluxus, nýtt raunsæi og popplist. Einn helsti frumkvöðull evrópsku popplistarinnar er franski listamaðurinn Jacques Monory. Hann ætlar einnig að opna sýningu á verkum sínum á morgun á Kjarvalsstöðum.

„Verkum Monorys má líkja við verk Errós en hann átti einnig mikinn þátt í mótun evrópsku popplistarinnar. Í öllum verkum Monorys eru settar á svið eins konar sakamálaráðgátur og myndirnar eru mjög litríkar og skemmtilegar," segir Anna Margrét á Kjarvalsstöðum.


Yfirskrift þessarar sýningar er Kuldi en myndir Monorys eru oftast í bláum lit sem kallar fram kuldalegar tilfinningar.

Í tengslum við báðar sýningarnar hafa verið gefnar út sýningarskrár með myndum af verkum listamannanna og greinum eftir listfræðinga. Sýningarnar verða opnaðar kl. 16 á morgun og verða svo opnar daglega frá kl. 10 til 18.

-ilk



Listamaðurinn Jacques Monory við eitt verka sinna sem verður á sýningunni. Eins og í öllum hans verkum er í þessu listaverki sakamálaráðgáta.



Þetta er hún Barbara Westman fyrir framan tvær mynda sinna sem tengjast sérstakri upplifun hennar af Íslandi. DV-myndir BG

Borgarfjörður:

Tónlistarskólinn á afmæli

Í Borgarneskirkju verða haldnir tónleikar á morgun. Það er gert í tilefni 30 ára afmælis Tónlistarskóla Borgarfjarðar en flytjendur verða úr hópi núverandi og fyrrverandi nemenda og kennara skólans.

Skóli þessi var stofnaður haustið 1967 að tilstuðlan Tónlistarfélags Borgarfjarðar. Nú stunda um 200 nemendur nám við skólann og skólastjóri er Theodóra Þorsteinsdóttir. Til þessa hefur skólinn ekki haft fast aðsetur en kennslan fer fram á fjórum stöðum í héraðinu. Þrátt fyrir aðstöðuleysið er stöðugur vöxtur í starfsemi skólans og kennt er á flestöll hljóðfæri, auk söngs.

Skólinn er mikil lyftistöng fyrir menningarlíf héraðsins en nemendur koma fram við ýmis tækifæri utan heiðbundinna skólatónleika. Tónleikarnir á morgun hefjast klukkan 14 og eru öllum opnir. Að þeim loknum verður boðið upp á kaffiveitingar.

-ilk



Samleikur á selló: Andrea Daviðsdóttir og Anna Sigríður Þorvaldsdóttir, nemendur Tónlistarskóla Borgarfjarðar.

Djass á Jómfrúnni

Djasstónleikar verða haldnir í kvöld á Jómfrúnni. Eru þeir á vegum djassklúbbsins Múlans en hljómsveit kvöldsins skipa Hilmar Jensson sem leikur á gítar, Jóhann Ásmundsson bassaleikari, og Matthías Hemstock sem lemur trommurnar. Þetta ágæta trió hefur nú á efnisskrá sinni lög sem flest hafa verið samin og flutt af kunnum popptónlistarmönnum. Má þar nefna Bítlana, Paul Simon, Joni Mitchell og The Pretenders svo eitthvað sé nefnt.

Sérstakur gestur kvöldsins er kanadíska söngkonan Tena Palmer en hún hefur getið sér gott orð ytra fyrir djasssöng. Enginn ætti að vera svikinn af snarstefjun (improvisasjón) þessarar söngkonu. Tena er stödd hér á landi í þeim tilgangi að sinna tónlistarsköpun sinni í nýju umhverfi auk þess sem hún kennir söng við Tónlistarskóla FÍH og Söngsmiðjuna.

Tónleikarnir í kvöld hefjast stundvíslega klukkan 21.00 og eru allir velkomnir. Miðaverð er 1000 krónur en 500 krónur fyrir skólafólk og ellilífeyrisþega.

-ilk



Þetta er söngkonan Tena Palmer sem ekki á í vandræðum með snarstefjunina.

Tolli í Blómavali

Listamaðurinn Tolli ætlar að opna sýningu á verkum sínum í Blómavali í dag. Þar hefur verið útbúið glænýtt rými sem er einkar vel fallið til sýninga og annarra listuppákoma.

Tolli er fyrstur til að sýna í þessum nýja sal og það á vel við í þessari höll blóma að á sýningu hans verða nær eingöngu blómamyndir. Flestar eru þær vatnslitamyndir þó einnig megi sjá nokkur verk unnin með olíu eða á annan hátt.

Til að krydda opnunina enn meira hefur Tolli fengið til liðs við sig bróður sinn Bubba Morthens sem mun flytja tónlist sína fyrir gesti í dag. Dagskráin hefst klukkan 18.00.

Sýningin í Blómavali mun standa til 2. mars. Þann 8. mars flytur Tolli sýninguna sína svo í Blómaval á Akureyri þannig að norðanmenn þurfa ekki að missa af neinu og geta strax farið að hlakka til komu Tolla.

-ilk



Olíumálverkið Brennandi blóm, 180x170 sm.

Leikhús án orða

Leikritið Rapunzel er byggt á einu Grimms-ævintýranna. Það verður sýnt í Norræna húsinu á sunnudaginn af Totem-leikhúsinu sem er finnskt barnaleikhús.

Totem-leikhúsið hefur starfað í 10 ár og farið víða með sýningar sínar. Aðstandendur þess eru frumkvöðlar í Finnlandi með svokallað ævintýraleikhús án orða. Tungumálið er sem sagt ekki aðalatriðið í sýningum þeirra heldur er fremur verið að höfða til ímyndunarafls barna með látbragði, dansi og söng.

Rapunzel fjallar um fátæk hjón sem skipta á dóttur sinni Rapunzel og hatti fullum af káli frá galdrakarli sem þau hitta. Rapunzel elst upp hjá galdrakarlinum sem heldur henni innilokaðri í turni í dimmum skógi. Einn góðan veðurdag á fallegur prins leið um skóginn og sér flétturnar hennar Rapunzel sem hanga út um turngluggann. Þar með hefst prinsinn handa við að bjarga Rapunzel úr prísundinni.

Sýningin er ætluð börnum 4 ára og eldri, ekkert kostar inn og allir eru velkomnir.

-ilk

Söngbræður

Í tilefni af væntanlegu strandhöggi á Írlandi heldur Karlakórinn Söngbræður stórtónleika í Reykholtskirkju ásamt fríðu föruneyti í dag. Í boði verður kórsöngur, kvartettsöngur, tríósöngur og margt fleira. Einsöngvarar eru þau Theódóra Þorsteinsdóttir, sópran, Snorri Hjálmarsson, tenór, og Gunnar Örn Guðmundsson, bassi. Um samleik á fiðlu og píanó sjá Ewa og Jerzy Toskik Warszawiak en undirleikari Söngbræðra er Clive Pollar. Auðvitað verður á svæðinu talsvert af léttleika og alvöru eins og Söngbræðrum er tamt.

-DVÓ

HVAÐ ER AÐ GERAST...

Nelly's Café opnar

Í kvöld kl. 22.00 opnar skemmtistaðurinn Nelly's Café formlega. Meðal þeirra sem koma fram er Einar Kristján Einarsson gítarleikari og hinar sænskættuðu María og Lolita.

Hótel Ísland um helgina

Afmælisdansleikur Lúdó og Stefáns verður endurtekinn í kvöld. Húsið opnar kl. 22.00.

Todmobile fyrir norðan

Hljómsveitin Todmobile mun halda stórdansleik í Sjallanum laugardagskvöldið 22. febrúar.

Lyft sér upp

Hljómsveitin Upplyfting ásamt Ara Jónssyni leika fyrir dansi í kvöld og annað kvöld.

Haldið vestur

Westan hafs munu leika fyrir gesti og gangandi á Ránni, Keflavík, í kvöld og á laugardag.

DV
LOTTÓsímI
904•5000
Verð aðeins 39,90 mín.
Þú þarft aðeins eitt símtal
í Lottósíma DV til að fá nýjustu tölur í Lottó
5/38, Víkingalottó
og Kínó
DV LOTTÓsímI
904•5000

SÝNINGAR

Blómaval, Sigtúni. Tolli sýnir blómamyndir frá 21. feb. Stendur til 2. mars.
Gallerí, Ingólfsstræti 8. Kristján Guðmundsson með ný verk. Stendur til 23. mars frá kl. 17–19.
Gallerí +, Brekkugötu 35, Akureyri. Síðasta sýningarhelgi „Án leiðarvísis" Astu Ólafsdóttur. Opið lau. og sun. frá kl. 14–18.
Gallerí Fold v/Rauðarárstíg. Olivur við Neyst í baksal. Stendur til 2. mars. Opið daglega frá kl. 10–18, lau. frá kl. 10–17 og sun. frá kl. 14–17. **Gallerí Hornið, Hafnarstræti 15.** Sigríður Gísladóttir. til 5. mars. Opið alla daga kl. 11–23.30.
Gallerí Ingólfsstræti 8. Sýning á verkum Kristjáns Guðmundssonar. Opið fim. til sun. kl. 14–18.
Gallerí Listakot, Laugavegi 70. Framlenging á sýningu Jóhönnu Sveinsd. til 1. mars. Opið 12–18 virka daga og 10–14 lau.
Gallerí Sýnirými. Í Gallerí Sýniboxi: Þóroddur Bjarnason; í Gallerí Barmi: Sigríður Ólafsd., berandi Edda Andrésd. Gallerí Hlust: Surpris. Gallerí Tré: Margrét Blöndal.
Gallerí Sævars Karls, Bankastræti 9. Sigurborg Stefánsd. með sýningu. Opið frá kl. 10–18 virka daga.
Gerðuberg. Sýning á verkum eftir Finnboga Pétursson til 30. mars. Einnig sýning Kristjáns Fjeldsted 21. feb. kl. 15.
Hafnarborg. Á morgun opnar í Sverrissal sýning á verkum Kjartans Ólassonar. Stendur til 10. mars. Opið alla daga nema þri. frá kl. 12–18. Einnig sýna á fjórða tug hafnfirskra listamanna verk sín í aðalsal og stendur sú sýning til 9. mars.
Kirkjuhvoll, Akranesi. Sýningin „Úr landslagi í afstrakt" stendur til 23. feb. Opið frá 19–21 virka daga og frá kl. 15–18 um helgar.
Kjarvalsstaðir. Sýningar Barböru Westman og Jacques Monory frá 22. feb. *Opið daglega kl. 10–18.*
Leifsstöð. Sýning á málverkum eftir Þóru Hall. Stendur til 16. mars.
Listacafé, Listhúsi, Laugardal. Magdalena Margrét Kjartansdóttir sýnir verk sín.
Listasafn Íslands. Sýning á höggmyndum Max Ernst stendur til 30. mars. Opið kl. 11–17 nema mán. Sýningin Ný aðföng verður opnuð 22.2.
Listasafn Íslands, Bergstaðastræti 74. Safn Ásgríms Jónssonar, vatnslitamyndir, febrúar–maí. Safnið er opið um helgar, kl. 13.30–16.
Listasafn ASÍ við Freyjugötu. Gunnar Kr. Jónasson með sýningu í Ásmundarsal. Stendur til 2. mars. Opið frá kl. 14–18 alla daga nema mán.
Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn. Ásdís Sigurþórsd., Helgi Gíslason og Sólveig Helga Jónasd. Sýn. standa til 2. mars Opið frá 12–18, nema mán.
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugarnesi. Sérstök skólasýning með völdum verkum eftir Sigurjón. Opið lau. og sun. kl. 14 og 17 og eftir samkomulagi.
Listhús 39, Strandgötu 39, Hafnarfirði. Jón Bergmann Kjartansson. Stendur til 11. mars.
Listhúsið í Laugardal, Engjateigi 17. Verk eftir Sjöfn Har. Opið virka daga kl. 13–18 og lau. kl. 11–14.
Listþjónustan, Hverfisgötu 105. Sýning á verkum Björns Birnis. Opið alla daga nema mán. frá kl. 12–18 og um helgar frá kl. 14–18.
Mokka, Skólavörðustíg 3a. „Það er símninn til þín". Magnea Ásmundsd. Stendur til 6. mars.
Norræna húsið. 22. feb. verður opnuð sýning á leirlist eftir 11 listakonur frá Norðurlöndunum. Opið daglega kl. 14–19 og lykur 16. mars. Einnig í anddyri verk eftir Lenu Cronqvist. Opið er 12–19 mán.–lau. og sun. kl. 12–19. Lykur mið. 12. mars.
Nýlistasafnið, Vatnsstíg 3B. 22. febrúar opnar Sjónþing, Sjáver, Sjónver og Ísvís. Opið alla daga nema mán. kl. 14–16. Lykur 9. mars. Einnig verk eftir Niels Hafstein, Hjört Guðmundsson og Svövu Skúlad.
Sjónarhóll, Hverfisgötu 12. Finnbogi Pétursson til 2. mars og er opið fim.– sun. kl. 14–18.
Skruggusteinn, Hamraborg 20a. Myndlistarsýning Guggu stendur til 6. mars. Opið virka daga kl. 12–18 og lau. kl. 11–16.
Stöðlakot, Bókhlöðustíg 6. Kristín Geirsd. með kolamyndir. Opið frá kl. 14–18 nema mán. til 2. mars.
Undir pari, Smiðjustíg 3. „Gagnrýni" Samsýning nokkurra gagnrýnenda opnar í kvöld og stendur yfir tvær helgar, eða til 1. mars. Opnunartími er, fim.–lau. kl. 20–23.
World Class, Fellsmúla 24. Helga Sigurðard. með myndlistarsýningu. Stendur til 2. mars og er sérstaklega opin almenningi næstu tvær helgar frá kl. 14–19.
Önnur hæð, Laugavegi 37. Sýning á verkum Eyborgar Guðmundsd. er opin á mið. frá 14–18 í feb. og mars.